

5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

Um umhverfisstefnu FG

Lagt er til að FG setji sér umhverfisstefnu og vinni samkvæmt henni. Markmið með að FG setji sér umhverfisstefnu er m.a. að:

- vera grunnskólum, svæðafélögum og öðrum samtökum kennara hvatning til að vinna að umhverfismálum,
- vinna að sjálfbærri þróun, þ.e. að vinna að því að núlifandi kynslóðir skili jörðinni til komandi kynslóða í því ástandi að möguleikar þeirra til að tryggja afkomu sína sé ekki minni en núlifandi kynslóða. Hugað verði jafnt að umhverfisþáttum svo og félagslegum og hagrænum þáttum.

Greinargerð

Samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og íslenskum lögum ber grunnskólum að vinna að umhverfismálum. Margir grunnskólar landsins hafa sett sér umhverfisstefnu og þeim fjölgar sífellt sem gera slíkt. Fyrirtæki, samtök og stofnanir gera slíkt hið sama í auknum mæli.

Umhverfisstefna FG skal byggð á alþjóðlegum samþykktum, íslenskum lögum, reglugerðum og áætlunum um umhverfismál, grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Umhverfisstefnan skal ná yfir alla starfsemi FG. Umhverfisstefnan yrði grunnskólum, félagsmönnum FG og öðrum aðildarfélögum kennara hvatning til að vinna að umhverfismálum og setja sér umhverfisstefnu. FG mun stuðla að því að svo geti orðið m.a. með upplýsingagjöf og fræðslu.

Með umhverfisstefnu er stuðlað að því að tryggja að allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og önnur starfsemi á vegum FG hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfi, náttúru og íbúa. Með umhverfisstefnu væri tryggð betri nýting auðlinda og orku, bætt umgengni, vistvænni innkaupum á vörum og þjónustu og aukinni þekkingu á áhrifum mannsins á umhverfi sitt og jafnframt bættu viðhafi til alls lífs og umhverfis.

Umhverfisstefnan og framkvæmd hennar skal vera liður í daglegu starfi FG.

Umhverfisstefnuna skal kynna fyrir starfsfólki og aðildarfélögum FG og vera öllum aðgengileg á vef félagsins. Stefnuna skal endurskoða á þriggja ára fresti. Stjórn FG ber ábyrgð á umhverfisstefnunni og framkvæmd hennar.